

AFSTÖÐUMYND
MKV. 1:500

SAMÞYKKT AF BYGGINGARFULLTRÚA
5. FEB. 2025
BYGGINGARFULLTRÚINN Í VESTMANNAEYJUM

Samantekt á brunavörnum byggingarinnar

Almennt

Um er að ræða breytta innréttingu á 1. hæð og viðbyggingu sunnan við húsið. Fyrirhuguð notkun er sýning og umönnun sjávardýra ásamt rannsóknum. Sýningarhluti hússins fellur undir notkunarflokk 2 en að öðru leyti fellur húsið í notkunarflokk 1.

Brunavarnir núverandi húss.

Áður hefa öllum hæðum hússns verið breytt og hlotið samþykki byggingarnefnar nú síðast 3. hæð , þann 23 júli 2021.

Brunaþol burðarvirkis

Allt meginburðarvirki viðbyggingarinnar, veggir, súlur og bitar er gert úr járnbentri steinsteypu og hefur að minnsta kosti R60 brunaþol. Gólfplötur eru steyptar og hafa sama brunaþol, þ.e. R60. Meginburðarvirki þaks er gert úr stálbitum sem hafa að minnsta kosti R60 brunaþol. Nánari upplýsingar um brunavarnir burðarvirkis er að finna á sérteikningum.

Brunahólf

Á 1. hæð eru nokkur brunahólf: Gangur í flóttaleið er sérstakt brunahólf. Einnig stigi í sameiginlegri flóttaleið. Hvalalaug og tengd rými eru í sérstöku brunahólfi. Á 2. hæð er Þekkingarsetrið hólfað frá og hvalalaugin ásamt tengdum rýmum er í sérstöku brunahólfi. Veggir og hæðarskil milli brunahólfa eru með EI 60 brunaþol og hurðir yfirleitt EI230 CSm hurðum eða E30 CSm hurðum þar sem það er ásættanlegt vegna brunaálags. Loftræsi- og tækniklefi yfir 2. hæð verður í sérstöku EI 60 brunahólfi.

Flóttaleiðir

Frá öllum rýmum verða að minnsta kosti tvær flóttaleiðir í samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar. Göngulengdir í næsta útgang eða brunahólf eru alltaf styttri en 30 m. Flóttaleiðir eru að öllu leyti í samræmi við kafla 9.5 í byggingarreglugerð og leiðbeiningablöð Mannvirkjastofnunar. Allar hurðir í flóttaleiðum þar sem reikna má með að fleiri en 50 þurfi að nota flóttaleiðina skulu vera með opnunarbúnað í samræmi við ÍST EN 179. Hurðir í flóttaleiðum skal vera hægt að opna án þess að nota þurfi lykil eða önnur verkfæri. Ef hurðir í flóttaleiðum þurfa að vera læstar í flóttaáttina eða með aðgangsstýringu skulu þær útbúnar með grænum neyðarrofa til hliðar við hurðina sem alltaf er hægt að opna með. Rofinn skal merktur „neyðaropnun". Læstar og aðgangsstýrðar hurðir skulu aflæsast við straumrof. Settar verða upp yfirlitsmyndir sem sýna flóttaleiðir ásamt helstu viðbrögðum vegna eldsvoða á völdum stöðum í byggingunni.

Klæðningar

Samkvæmt gr. 9.7.3. í byggingarreglugerð þá skulu yfirborðsfletir útveggja vera í flokki 1 í byggingum sem eru fleiri en ein hæð. Þakklæðningar eiga að vera í flokki T. Vegg- og loftklæðningar innanhúss skulu vera í flokki 1, K210 B-s1,d0, og niðurhengd loft og upphengikerfi skulu vera úr efnum sem uppfylla kröfu um B-s1,d0. Almennt skal gólfefni vera í flokki Dfl-s1.

Brunaviðvörunarkerfi

Í húsinu verður sjálfvirkt brunaviðvörunarkerfi tengt inn á viðurkennda vaktstöð. Kerfið verður viðurkennt númerað kerfi, hannað og uppsett í samræmi við reglur og leiðbeiningar Mannvirkjastofnunnar og ÍST EN 54. Stjórnstöð/útstöð brunaviðvörunarkerfisins verður staðsett í anddyri á 1. hæð og verður þar sett upp yfirlitsmynd af kerfinu. Kerfið skal vera þjónustað af aðila viðurkenndum af Mannvirkjastofnun.

Neyðarlýsing og ÚT-ljós

Neyðarlýsing, sjálflýsandi merkingar og út-ljós verða í byggingunni í samræmi við byggingarreglugerð, ÍST EN1838:1999, ÍST EN 50172:2004, leiðbeiningar Mannvirkjastofnunar 160.BR3, og ISO 16069.

Slöngukefli og slökkvitæki

Slöngukefli verða á báðum hæðum í samræmi við teikningar. Slöngukeflin skulu vera í samræmi við gr. 9.4.5 í byggingarreglugerð og viðeigandi leiðbeiningablað Mannvirkjastofnunar. Handslökkvitæki verða sett við dyr í flóttaleiðum og á öðrum stöðum í samræmi við leiðbeiningar Mannvirkjastofnunar. Handslökkvitæki skulu vera skv. leiðbeiningum 165.BR1 og ÍST EN 3. Miða skal við að sett verði upp 6 lítra léttvatnstæki.

Reyklosun

Sjálfvirk reyklosun verður í þaki fyrir ofan hvalalaugina. Stærð reyklosunar miðast við að halda loftrýminu yfir hvalalauginni reyklausu. Reiknað er með lágmarksbrunaálagi í brunahólfinu sem hvalalaugin er. Reyklosunin er ákvörðuð í samræmi við aðferðir í Melding-HO-3/2000. Reyklosunin verður í formi reykblásara í þaki og opinna rista á veggjum fyrir aðloft. Reyklosun þarf að vera 30m3/klst. Þá er miðað við að brunaálag sé undir 50MJ/m2. Reykblásarinn skal fara í gang ef tveir reykskynjarar í rýminu gefa boð um reyk. Tryggt þarf að vera að aðloft berist inn í rýmið um leið og blásarinn fer í gang. Reyklosunarbúnaður skal vera í samræmi við ÍST EN 12101. Önnur reyklosun verður gegnum dyr og glugga á byggingunni. Nánari grein er gerð fyrir reyklosun á sérteikningum.

Loftræsikerfi

Loftræsikerfi byggingarinnar verður hannað samkvæmt grein 9.6.14 í byggingarreglugerð nr. 112/2012 þannig að þau rýri ekki brunahólfun né stuðli að eld- og reykútbreiðslu á milli brunahólfa.

Brunaþéttingar

Lagnagöt og önnur göt á milli brunahólfa verða þétt með sérstökum brunaþéttiefnum á viðurkenndan hátt. Þéttiefni sem notuð verða til verksins skulu vera notuð í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda efnanna og vera viðurkennd af Mannvirkjastofnun til fyrirhugaðrar notkunar.

Aðkoma slökkviliðs

Slökkviliðið hefur aðkomu að öllum hliðum hússins. Áætlaður viðbragðstími slökkviliðs frá því boð berast til Neyðarlínu er um 10 mín.

Eigið eldvarnareftirlit og viðbragðsáætlun

Um eigið eftirlit eigenda og forráðamanna með brunavörnum í húsinu gildir reglugerð nr. 200/1994. Kerfisbundið eigið eftirlit verður í húsinu.

ÚTGÁFUFERILL

ÚTG.	DAGS.	SKÝRINGAR	HANNAÐ	YFIRF.	SAMÞ.
01	16.01.2018	BYGGINGARNEFNDARTEIKNING	PZ	BB	PZ
02	13.03.2018	SKRÁNINGARTÖFLU BÆTT VIÐ OG BYGGING MÁLSETT	BM	BB	PZ
03	08.02.2019	HREINSISTÖÐ	BM	BB	PZ
04	30.01.24	HREINSISTÖÐ	PZ		
05	24.01.2025	SKRÁNINGARTAFLA M VIÐBYGGINGU			PZ

DAGS. UNDIRSKRIFTAR — F.H. MANNVITS (NAFN OG KT.) Páll Jóhannesson 120762-3379

DAGS. UNDIRSKRIFTAR — SAMRÆMINGARHÖNNUÐUR / HÖNNUNARSTJÓRI (NAFN OG KT.)

tpz teiknistofa

HÖNNUÐUR

MANNVIT
Urðarhvarfi 6 203 Kópavogi Sími: 422 3000 Fax: 422 3001
www.mannvit.is mannvit@mannvit.is Kt: 430572-0169

© ÖLL AFNOT OG AFRITUN TEIKNINGAR, AÐ HLUTA EÐA HEILD, ER HÁÐ SKRIFLEGU LEYFI HÖFUNDA.

HEITI VERKS

ÆGISGATA 2
PROJECT KILT
900 VESTMANNAEYJAR

HEITI TEIKNINGAR

AÐALUPPDRÁTTUR
AFSTÖÐUMYND
SKRÁNINGARTAFLA OG BRUNAVARNIR

FRUMÚTGÁFA	MKV.	STÆRÐ
16.01.2018	1:500	A1

VERKNÚMER	VERKHLUTI	TEIKNINGANÚMER	ÚTGÁFA
1.851.204	000	CDR-0100	04

PRENTAÐ: þriðjudagur, 28. janúar 2025 15:27:28
TÖLVUSKRÁ: S:\verkefni\A-VERK\10\1007-aegisg-2-fiskasafn\600_teikn\610-tpz\DWG\VINNUGOGN\1007-5-ÆGISGATA 2-PROJEKT KILT_2024.dwg
S:\verkefni\A-VERK\10\1007-aegisg-2-fiskasafn\1007-5-fiskasafn\600_teikn\610-tpz\DWG\VINNUGOGN\1007-5-ÆGISGATA 2-PROJEKT KILT_2024.dwg, 28.1.2025 15:27:27, AutoCAD PDF (High Quality Print).pc3